

## Leiðbeiningar með verkefninu **Að setja sér markmið**

### 1. Spjall, 5 - 10 mínútur

Dæmi um spurningar:

- „Ef þið fengjuð allt í einu 10 milljónir upp í hendurnar núna, hvað mynduð þið gera?“
- „Flest setjum við okkur markmið í lífinu, hvort sem er í íþróttum, námi eða öðrum tómstundum og leggjum hart að okkur til að ná þeim. Það er ekki síður mikilvægt að setja sér markmið tengd framtíðaráformum og skipuleggja fjármálin út frá þeim.“
- „Eigið þið ykkur einhver markmið/drauma?“
- „Er einhver sem ætlar að kaupa sér t.d. bíl þegar hann fær bílpróf? Hvað með heimsreisu eða nám? Hvað haldið þið að bíll eða heimsreisa kosti?“
- „Eruð þið farin að hugsa um framtíðarsparnað? Eruð þið byrjuð að spara?“
- Eruð þið að vinna með skóla? Skoðið þið launaseðilinn? Skiljið þið allt sem á honum stendur? Hvað gerið þið við launin ykkar?“
- „Hvað haldið þið að þið séuð að eyða miklu í skyndibita/mat og annað á viku?“
- Vitið þið t.d. hvað 2000 kr. eyðsla á viku er á ári? En 5000 kr. á viku?“
- „Hvort er skynsamlegra að eiga fyrir hlutunum eða taka lán fyrir þeim?“

### 2. Verkefni, 35 - 40 mínútur

Nemendur vinna saman í 3 - 4 manna hópum. Tímarammi þessa handrits miðast við 5 - 6 hópa. Ef þeir eru fleiri þá þarf að gefa kynningum hópanna lengri tíma, eða halda fjölda hópa og hafa aðeins fleiri í hverjum hópi.

Verkefnið gengur út á að hver hópur útbýr fjárhagsáætlun fyrir ímyndaðan einstakling sem er að stíga sín fyrstu skref sem sjálfstæður neytandi í íslensku samfélagi. Hver hópur fær verkefnablað með lýsingu á sínum einstaklingi. Hægt er að láta alla hópana hafa mismunandi einstaklinga eða nota sama einstaklinginn fyrir alla hópana og sjá mismunandi niðurstöður þess einstaklings.

Einstaklingurinn á sér markmið og er það hlutverk hópsins sé að finna leiðir til að hjálpa einstaklingnum að ná því markmiði. Hópurinn þarf að finna út hvenær og hvernig einstaklingurinn getur náð markmiðinu og styðst þá við spurningar á verkefnablaðinu. Það er um að gera að hvetja hópana til að fara út fyrir rammann og gera hvað sem þeir vilja með sinn einstakling. Þeir mega ákveða hvað sem er fyrir hans hönd svo framarlega sem það er raunhæft. Einnig er gott að hvetja þá til að nýta sér upplýsingar á netinu til að fá verðhugmyndir.

Hóparnir þurfa að vita í upphafi að fljótlega eftir að þeir eru byrjaðir á verkefninu fá þeir óvænta upptöku sem mun hafa áhrif á fjárhagsáætlun þeirra. Einnig er gott að undirbúa hópana undir það að þurfa að kynna niðurstöður sínar fyrir hinum.

Hver hópur er með eina A3 eða A2 pappírsörk fyrir fjárhagsáætlunina, klippir út mynd af einstaklingnum ásamt upplýsingum og límir á örkina (sjá sýnishorn hér aftar).

Mikilvægt er að nemendur hafi aðgang að neti, hvort sem það er í gegnum síma, spjaldtölvu eða tölvu, til að leita sér heimilda. Einnig er hægt að finna á [vef velferðarráðuneytisins](#) upplýsingar um neysluviðmið.

Lokaútkoman á að vera snyrtileg A3 eða A2 pappírsörk hjá hverjum hópi með mynd af einstaklingnum og fjárhagsáætlun hans.

Það eru engar tvær fjárhagsáætlanir eins og engin ein rétt lausn.

### 3. Kynningar og umræður, 15 – 20 mínútur

Hver og einn hópur kynnir niðurstöðu sína. Það hefur gefist vel að leyfa þeim að standa upp og kynna fyrir framan hina.